

Til allra sveitarstjóra og bæjarstjóra

Reykjavík, 24. júní 2019

Tilvísun ÞÍ: 2019061470/6.6.6.3

Tilvísun sendanda:

Efni: Fasteignamat 2020

Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið 31. maí ár hvert. Þjóðskrá Íslands skal kynna sveitarfélögum og eigendum fasteigna niðurstöður endurmatsins og tekur nýtt fasteignamat gildi næsta 31. desember, sbr. 32. gr. a laga, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Fasteignamat skal endurspeglja gangverð miðað við síðastliðinn febrúarmánuð.

Árið 2009 var tekin upp ný og endurbætt aðferðarfræði, markaðsmat, fyrir fasteignamat íbúðarhúsnæðis. Þá var 2014 tekin upp aðferðarfræði tekjumats upp fyrir tilteknar atvinnueignir, sem eru skrifstofueignir, verslunareignir og eignir fyrir léttan iðnað. Í endurmatinu 2017 var svo tekin upp aðferðafræði markaðsmats fyrir sumarhúsaeignir þar sem skýrlega hafði komið í ljós að áhrif staðsetningar og tiltekinna þjónustubátta hafi áhrif á gangverð fasteigna.

Meðfylgjandi er listi þar sem fram kemur heildarfjárhæð gildandi fasteignamats og þar af landmats 2019 og heildarfjárhæð nýja matsins sem og landsmats 2020 miðað við stöðuna 31. maí sl. ásamt hlutfallsbreytingu milli ára. Auk þess sendist hér með fréttatilkynning frá 5. júní sl.

Frekari gögn og upplýsingar um fasteignamat 2020 er að finna á vef stofnunarinnar: <https://www.skra.is/thjonusta/fasteignir/fasteignamat/> Jafnframt er bent á að matstölur 2020 birtast nú í álagningarkerfi sveitarfélaga sem gerir sveitarfélögum kleift að hefja undirbúning að fjárhagsáætlun 2020.

Að lokum er tekið fram að ítarleg skýrsla um fasteignamat 2020 með umfjöllun um niðurstöður, aðferðarfræði og matsforsendur verður gefin út í september nk. og er sveitarfélögum bent á að frá þeim tíma verður unnt að nálgast skýrsluna á vef stofnunarinnar.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Margrét Hauksdóttir
forstjóri

Afrit:

Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti
Samband íslenskra sveitarfélaga